



# GREIÐSLUAFKOMA RÍKISSJÓÐS

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir janúar – maí 2015 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Tekjujöfnuðurinn var jákvæður um 1,7 ma.kr. þar sem innheimtar tekjur jukust um 9,4 ma.kr. milli ára en móti jukust greidd gjöld um 22,7 ma.kr. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 32,4 ma.kr. samanborið við jákvætt handbært fé upp á 11,8 ma.kr. 2014. Þetta skýrist að stærstum hluta með því að leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærð var á árinu 2014 kom til greiðslu nú í byrjun árs 2015. Þetta hefur eingöngu áhrif á sjóðshreyfingar en ekki rekstrarstöðu ársins 2015 og hafði sambærileg jákvæð áhrif á handbært fé í lok árs 2014.

## Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-maí 2015 (m.kr.)

	Milljónir króna		
	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	212.628	256.233	265.636
Greidd gjöld	228.266	241.187	263.917
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-15.638</b>	<b>15.046</b>	<b>1.719</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	2.478	-3.198	-34.079
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-13.160</b>	<b>11.848</b>	<b>-32.360</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>-16.366</b>	<b>-6.668</b>	<b>10.038</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-29.526</b>	<b>5.180</b>	<b>-22.322</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-87.119</b>	<b>-51.763</b>	<b>-53.167</b>
Innanlands	-84.647	-26.990	-33.096
Erlendis	-2.471	-24.773	-20.071
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-116.645</b>	<b>-46.583</b>	<b>-75.489</b>
<b>Lántökur</b>	<b>63.522</b>	<b>37.601</b>	<b>29.744</b>
Innanlands	63.522	37.601	29.744
Erlendis	0	0	0
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-53.123</b>	<b>-8.982</b>	<b>-45.745</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 265,6 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins sem er 3,7% meira en innheimtist á sama tímabili í fyrra. Frávik frá fjárlagaáætlun er jákvætt um 11% en það skýrist að mestu leyti af óreglulegum eða tilfallandi liðum. Af heildartekjum tímabilsins námu skatttekjur og tryggingagjöld 224 ma.kr. sem er 4,8% meira en á sama tíma í fyrra. Þegar leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs sjálfs eru skatttekjur og tryggingagjöld 9,5 ma.kr. eða 4,5% yfir áætlun.

Skattar á tekjur og hagnað jukust um 8,1% á milli ára og námu samtals 99,1 ma.kr. sem er 12,3 ma.kr. eða 14,2% yfir áætlun. Tekjuskattur einstaklinga nam 53,7 ma.kr. sem er 3,6% meira en í fyrra og 0,6 ma.kr. eða 1,2% undir áætlun. Hið neikvæða frávik skýrist af liðum utan staðgreiðslu. Sé litið til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars á tímabilinu þá jókst hún um 7% á milli ára. Hluti ríkissjóðs í henni, þ.e. tekjuskatturinn, jókst um 8,4%. Tekjuskattur lögaðila jókst um 27,7% á milli ára og nam 20,7 ma.kr. sem er 6,7 ma.kr. eða 47,5% yfir áætlun. Þar af nam sérstakur fjársýsluskattur 3,7 ma.kr. Sé hann undanskilinn nam aukningin í tekjuskatti lögaðila 9,4% á milli ára.

Fjármagnstekjuskattur skilaði samtals 24,8 ma.kr. á tímabilinu sem er 6,3 ma.kr. meira en áætlað var og aukning um 4,6% á milli ára. Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði sjálfum nam 5,5 ma.kr. á tímabilinu og flokkast sá hluti sem óreglulegur liður. Hin háa fjárhæð skýrist af arðgreiðslu Landsbankans, en greiddur fjármagnstekjuskattur af henni nam 4,7 ma.kr. Ef þessi óreglulegi hluti er undanskilinn nam fjármagnstekjuskattur 19,3 ma.kr. sem er 3 ma.kr. eða 18,6% yfir áætlun og 9,2% aukning frá fyrra ári.



## Tekjur ríkissjóðs janúar – maí 2013-2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>191.750</b>	<b>213.746</b>	<b>224.028</b>	<b>3,1</b>	<b>11,5</b>	<b>4,8</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>77.152</b>	<b>91.715</b>	<b>99.126</b>	<b>5,3</b>	<b>18,9</b>	<b>8,1</b>
Tekjuskattur einstaklinga	47.871	51.818	53.664	6,8	8,2	3,6
Tekjuskattur lögaðila	11.236	16.217	20.704	-14,7	44,3	27,7
Skattur á fjármagnstekjur	18.045	23.680	24.758	18,3	31,2	4,6
<b>Eignarskattar</b>	<b>4.516</b>	<b>4.444</b>	<b>2.844</b>	<b>-12,1</b>	<b>-1,6</b>	<b>-36,0</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>77.416</b>	<b>83.269</b>	<b>86.113</b>	<b>1,9</b>	<b>7,6</b>	<b>3,4</b>
Virðisaukaskattur	48.820	54.190	57.027	1,4	11,0	5,2
Vörugjöld af ökutækjum	1.787	1.835	2.482	10,2	2,7	35,3
Vörugjöld af bensíni	4.455	4.417	4.553	-2,5	-0,9	3,1
Skattar á olíu	2.522	2.663	2.849	0,1	5,6	7,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	6.446	6.866	7.111	4,6	6,5	3,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	13.386	13.298	12.091	3,4	-0,7	-9,1
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>2.307</b>	<b>2.184</b>	<b>2.088</b>	<b>-14,6</b>	<b>-5,3</b>	<b>-4,4</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>3.088</b>	<b>3.251</b>	<b>3.362</b>	<b>25,2</b>	<b>5,3</b>	<b>3,4</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>27.271</b>	<b>28.883</b>	<b>30.494</b>	<b>3,1</b>	<b>5,9</b>	<b>5,6</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>68</b>	<b>71</b>	<b>105</b>	<b>4,5</b>	<b>4,2</b>	<b>47,9</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>20.347</b>	<b>41.090</b>	<b>41.503</b>	<b>11,3</b>	<b>102,0</b>	<b>1,0</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>463</b>	<b>1.326</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>212.628</b>	<b>256.233</b>	<b>265.636</b>	<b>3,5</b>	<b>20,5</b>	<b>3,7</b>

Eignarskattar drógust talsvert saman frá fyrra ári eða um 36% og námu þeir 2,8 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. yfir áætlun. Samdrátturinn milli ára skýrist af brottfalli auðlegðarskatts frá og með síðustu áramótum. Stimpilgjöld námu 1,4 ma.kr. sem er 10% yfir áætlun og aukning um 12,9% frá því í fyrra. Tekjur af erfðafjárskatti drógust saman um 3,4% á milli ára og námu 0,8 ma.kr.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 3,4% á milli ára og námu þeir samtals 86,1 ma.kr. sem er á áætlun. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst í þessum flokki skatta, nam 57 ma.kr. sem er 1,6 ma.kr. eða 2,7% undir áætlun fjárlaga og aukning um 5,2% á milli ára.

Vörugjald af ökutækjum nam 2,5 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. yfir áætlun og aukning um 35,3% frá því í fyrra sem skýrist af auknum innflutningi bifreiða. Vörugjöld af bensíni skiladu 4,6 ma.kr. sem er 3,1% aukning á milli ára og olíugjaldið, sem jókst um 7% á milli ára, skilaði 2,8 ma.kr. Bæði gjöldin eru rétt yfir áætlun fjárlaga. Kolefnisgjaldið er rétt undir áætlun og skilaði 1,3 ma.kr. sem er 8,8% meira en í fyrra. Vegna endurgreiðslna er dreifing kolefnisgjaldsins milli mánaða nokkuð breytileg. Innheimta bifreiðagjalds, sem er á gjalddaga í janúar og í júlí ár hvert, er 2,4% undir áætlun og nam 3,2 ma.kr. tímabilið janúar-maí.

Tekjur af áfengisgjaldi námu 4,7 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. eða 4,2% yfir áætlun og aukning um 6,4% á milli ára. Tekjur af tóbaksgjaldi eru á áætlun og námu 2,4 ma.kr. sem er 1,6% samdráttur frá fyrra ári. Sala áfengis á fyrstu fimm mánuðum ársins mæld í vínanda jókst um tæplega 1% á milli ára en tóbakssala dróst saman um 2,8% að magninu til.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 2,1 ma.kr. sem er á áætlun og 4,4% samdráttur frá fyrra ári. Samdrátturinn á milli ára skýrist af áhrifum fríverslunarsamnings Íslands og Kína sem tók gildi 1. júlí í fyrra.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 30,5 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,3 ma.kr. eða 0,9% undir áætlun og 5,6% aukning frá því í fyrra. Þar af nam almenna tryggingagjaldið 21,4 ma.kr. og atvinnutryggingagjaldið 5,9 ma.kr.



Aðrir skattar eru á áætlun og námu samtals 3,4 ma.kr. sem er aukning um 3,4% á milli ára. Þar af námu skattar á launagreiðslur og vinnuafli 2,4 ma.kr. Fjársýsluskatturinn dróst saman um 16,8% milli ára og nam 1,2 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. undir áætlun. Samdrátturinn á milli ára stafar að hluta af því að innheimtan í janúar 2014 byggðist á 6,75% skatthlutfalli en 5,5% í janúar 2015.

Aðrar tekjur en skatttekjur jukust um 1% milli ára á fyrstu fimm mánuðum ársins og námu samtals 41,5 ma.kr. Stærsti einstaki liðurinn er 23,5 ma.kr. arður frá Landsbankanum sem greiddur var í lok mars. Vaxtatekjur námu samtals 5,3 ma.kr. sem er 19,3% minna en á sama tímabili í fyrra og veiðigjaldið skilaði 3,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 4,9% meira en í fyrra.

**Greidd gjöld** námu 263,9 ma.kr. og jukust um 22,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 9,4% sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

### Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar-maí 2013-2015

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	33.189	33.114	33.677	38,0	-0,2	1,7
Almenn opinber þjónusta	20.356	21.061	21.133	-22,4	3,5	0,3
Almannatryggingar og velferðarmál	51.388	52.988	54.105	-0,9	3,1	2,1
Heilbrigðismál	52.963	56.059	60.824	9,1	5,8	8,5
Efnahags- og atvinnumál	20.373	23.404	39.898	2,6	14,9	70,5
Menntamál	25.643	25.593	24.340	8,5	-0,2	-4,9
Menningar, íþróttar og trúmál	7.882	7.998	8.012	10,9	1,5	0,2
Lög- og réttargæsla	9.041	8.797	8.615	4,6	-2,7	-2,1
Önnur útgjöld	7.432	12.174	13.313	3,4	63,8	9,4
<b>Gjöld alls</b>	<b>228.266</b>	<b>241.187</b>	<b>263.917</b>	<b>5,2</b>	<b>5,7</b>	<b>9,4</b>

Þróun málaflokkanna eru svo rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjáráukalög.

### Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar-maí 2014-2015

	2015	2014	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	1.725	1.690	2,1
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	4.340	4.088	6,2
Utanríkismál	3.973	4.716	-15,8
Önnur almenn opinber þjónusta	3.829	3.717	3,0
Fjármagnskostnaður	33.677	33.114	1,7
Almenn fjárfraðslög til sveitarfélaga	7.266	6.850	6,1
<b>Almenn opinber þjónusta</b>	<b>54.810</b>	<b>54.174</b>	<b>1,2</b>
<b>Lög- og réttargæsla</b>	<b>8.615</b>	<b>8.797</b>	<b>-2,1</b>
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	2.645	2.789	-5,2
Landbúnaðarmál	5.459	5.752	-5,1
Samgöngumál	9.024	8.762	3,0
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	2.094	2.012	4,1
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	16.604	0	.



Önnur efnahags- og atvinnumál	4.072	4.089	-0,4
<b>Efnahags- og atvinnumál</b>	<b>39.898</b>	<b>23.404</b>	<b>70,5</b>
Lyf og lækningavörur	7.727	8.122	-4,9
Heilsugæsla	12.593	11.129	13,2
Sjúkrahúsjónusta	26.486	24.075	10,0
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	11.999	10.995	9,1
Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla	2.018	1.737	16,2
<b>Heilbrigðismál</b>	<b>60.824</b>	<b>56.059</b>	<b>8,5</b>
Menningarmál	3.644	3.711	-1,8
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	4.368	4.287	1,9
<b>Menningar- og félagsmál</b>	<b>8.012</b>	<b>7.998</b>	<b>0,2</b>
Framhaldsskólastig	9.319	8.383	11,2
Háskólastig	13.355	15.379	-13,2
Önnur menntamál	1.666	1.831	-9,0
<b>Menntamál</b>	<b>24.340</b>	<b>25.593</b>	<b>-4,9</b>
Örorka og fötlun	14.238	13.646	4,3
Öldrun	20.356	19.240	5,8
Fjölskyldur og börn	10.546	9.954	5,9
Atvinnuleysi	5.516	6.637	-16,9
Vaxtabætur	219	339	-35,4
Önnur trygginga- og velferðarmál	3.230	3.172	1,8
<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	<b>54.105</b>	<b>52.988</b>	<b>2,1</b>
Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun	5.028	4.307	16,7
Fjármagnstekjuskattur	5.489	5.153	6,5
Annað	2.796	2.713	3,0
<b>Önnur útgjöld</b>	<b>13.313</b>	<b>12.174</b>	<b>9,4</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>263.917</b>	<b>241.187</b>	<b>9,4</b>

Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu voru svipuð og á fyrra ári en heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir og námu 54,8 ma.kr. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta af þessari upphæð eða rúm 61%, en hann nam 33,7 ma.kr. á tímabilinu. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 7,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu tæpum 4 ma.kr. og útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins 4,3 ma.kr. Þá námu útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu um 5,6 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári.

Útgjöld vegna lög- og réttargæslu námu um 8,6 ma.kr. og drógust lítillega saman milli ára. Stærstu útgjaldabættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 1,6 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 1,4 ma.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 741 m.kr. og annarra lögregluembættu 1,6 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld héraðsdómstóla námu 610 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 605 m.kr. og útgjöld sérstaks saksóknara 266 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 39,9 ma.kr. á tímabilinu og jukust töluvert á milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Stærsti útgjaldaliður þessa flokks er niðurfærsla vegna verðtryggðra húsnæðislána sem nam 16,6 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Þá námu útgjöld til samgöngumála rúmum 9 ma.kr.



sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári en útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 5,5 ma.kr. og dragast saman á milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu skýra þessi útgjöld að stærstu leyti. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 2,6 ma.kr., útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 2,1 m.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 4,1 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 60,8 ma.kr. og jukust um 4,8 ma.kr. milli ára. sem er lítillega umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 7,7 ma.kr. sem er lækkun frá fyrra ári og jafnframt minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæsluþjónustu námu 12,6 ma.kr. samanborið við 11,1 ma.kr. á sama tímabili 2014 sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þeim útgjöldum námu greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu 6,1 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 2,2 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkráússþjónustu námu 26,5 ma.kr. samanborið við 24,1 ma.kr. 2014. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 19,5 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 2,5 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 2,6 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu tæpum 12 ma.kr. og jukust um rúman 1 ma.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu rúmum 2 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 8 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári og lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 3,6 ma.kr. og aukast lítillega milli ára. Útgjöld vegna íþrótta, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 4,4 ma.kr. þar sem helstu útgjaldaþættir eru Ríkisútvarpið 1,5 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 2,5 ma.kr. Útgjöld til menntamála námu 24,4 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 1,3 ma.kr. milli ára og voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastígs námu 9,3 ma.kr. og hærri en á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna háskólastígs námu 13,4 ma.kr. og drógust saman á milli ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu rúmum 5,1 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 5,6 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra menntamála um 1,7 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 54,1 ma.kr. á tímabilinu janúar - maí og jukust um 1,1 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 14,2 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyrstrygginga í þessum málaflokki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 20,4 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 10,5 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna Fæðingaorlofs skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 5,5 ma.kr. samanborið við 6,6 ma.kr. í fyrra sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist með lækkun atvinnuleysis á milli ára.

Önnur útgjöld námu 13,3 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 12,2 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu rúmum 5 ma.kr. á tímabilinu, samanborið við 4,3 ma.kr. á fyrra ári. Þá nam greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 5,5 ma.kr. samanborið við 5,2 ma.kr. á fyrra ári.

## Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 22,3 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann jákvæður um 5,2 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 53,2 ma.kr. en námu 51,8 ma.kr. á sama tímabili árið 2014. Lántökur á tímabilinu námu alls 29,7 ma.kr. og voru allar innlendar.